

MARGIT SANDEMO

SAGAN  
— UM —  
Ísfólkið

Einfarinn 9



MARGIT SANDEMO

SAGAN  
UM

Ísfólkið

Einfarinn 9





# Einfarinn

Sagan um Ísfólkið 9  
Einfarinn

© Margit Sandemo, 1982  
Bókin heitir „Den ensamme“ á frummálinu.

© Katrin Agency, 2013  
Íslensk útgáfa: JENTAS ehf., 2013

Þýðing: Snjólaug Bragadóttir  
© kápa: Katrin Agency, 2012  
Hönnun kápu: Jentas

ISBN 978-9979-64-028-8 (epub)

Samningar er varða verk höfundar, þýðingu, kápu og útlit texta og notendarétt á þeim eru í eigu © Katrin Agency.

[www.jentas.is](http://www.jentas.is)  
[www.isfolkid.is](http://www.isfolkid.is)  
[www.galdrameistarinn.is](http://www.galdrameistarinn.is)

JENTAS gefur bókina út á íslensku og dönsku.

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa, eða hluta af henni, má ekki afrita með neinum hætti, hvorki með ljósmyndun, prentun, hljóðritun né á annan hátt, án skriflegs leyfis útgefanda.

# Sagan um Ísfólkið

FYRIR ÓRALÖNGU, mörgum öldum, fór Þengill illi út í óbyggðir til að selja Satani sál sína.

Hann varð ættfaðir Ísfólksins.

Þengli var lofað gulli og grænum skógum gegn því að ein manneskja að minnsta kosti í hverjum lið ættarinnar skyldi vera í þjónustu Satans og vinna illvirki. Viðkomandi skyldi þekkjast á gulum kattaraugum og vera göldróttari en nokkur dæmi voru til um.

Bölvunin skyldi hvíla á ættinni þar til staðurinn fyndist þar sem Þengill illi hafði grafið niður pottinn sem hann notaði til að sjóða seyðið sem manaði myrkrahöfðingjann fram.

Svo segir þjóðsagan.


Hvort hún er sönn veit enginn.

Árið 1548 fæddist maður í ætt Ísfólksins, undir þessum álögum. Hann reyndi að snúa hinu illa til góðs með líferni sínu og var því kallaður Þengill góði. Þessi saga er um fjölskyldu hans og afkomendur.

Kannski má þó segja að hún fjalli mest um konurnar í ættinni.

# Ísfólkið

Afkomendur Þengils hins illa, um árið 1200



# 1

ÖRLAGAVEFUR Ísfólksins átti það til að verða flókinn.

Ein slík flækja varð til í Suður-Frakklandi, í Béarn við rætur Pýreneafjalla, óralangt frá Grásteinshólmasókn.

Kirkjuklukkurnar glumdu svo undir tók í öllum bænum. Lokaður vagn ók frá kirkjutorginu í átt að höllinni sem gnæfði yfir bæinn og ljómaði í sólskininu.

Inni í vagninum sátu tvær konur, móðir og 15 ára dóttir hennar. Meðfram veginum stóð fólk og heilsaði í auðmýkt.

–Anette, sagði móðirin án þess að snúa höfðinu. –Ekki horfa á lýðinn. Mundu hvernig fór þegar þú veifaðir síðast.

–Já, mamma.

Anette fann enn kinnhestinn þótt nokkrir dagar væru liðnir frá refsingunni.

–Mundu að þetta eru undirsátar okkar, hélt móðirin áfram, næstum án þess að bæra varirnar. –Bæjarbúar eru hér til að þjóna okkur, mundu það alltaf. Ég sá að þú brostir... og það til stráks! Hef ég ekki kennt þér...

–Jú, mamma.

Hefði hún vonast til að sleppa við fyrirlesturinn, skjátlaðist henni. Móðirin hélt áfram, hljómlausri röddu:

–Bráðum verðurðu fullorðin og þarft auðvitað að giftast. Annað væri ekki við hæfi. Þú veist hvað við konur þurfum að þola í hjónabandinu. Ég varð að þrauka meðan maðurinn minn lifði. Við þurfum að láta okkur lynda dýrslegan losta þar til þeir geta okkur barn. En ekki lengur. Mundu það. Þá ber þér ekki skylda til að leyfa þeim að svalla á þinn kostnað. Það eru til leiðir til að sleppa við það. Þú getur kennt höfuðverk um... mígreni er enn betra. Biddu svo heilaga Madonnu um að

maðurinn þinn missi alla karlmennsku þegar hann hefur gert skyldu sína og getið þér þau börn sem þú vilt eignast.

–Mamma þó! sagði stúlkan hneyksluð.

–Bíddu bara, þú átt eftir að óska þess líka. Annars fer allt úr böndunum. Ef þeir fá ekki nóg heima leita þeir til skækja og þú verður að breiða yfir það. Slíkt tekur á kraftana.

–En pabbi var svo góður.

Varir móðurinnar herptust í eins konar þjáningarbrosi. –Þú þekkir ekki karlmenn. Þeir geta fundið upp á því ótrúlegasta í losta sínum. Vertu aldrei ein með ungum manni fyrr en þú ert gift, Anette. Láttu ekki forfæra þig með fallegum orðum. Biddu Madonnu um styrk til að standast þau. Annars fer hann fljótlega að káfa á þér. Karlar kunna að lokka mann. Mundu að Guð og María móðir sjá til ykkar. Haltu þér kaldri og láttu ekki undan óviðeigandi og saurugum tilfinningum, aldrei! Gerðu alltaf Guði til hæfis. Bara skækjur og fallnar konur láta heillast af návist karlmanns. Varla viltu vera slík kona?

Anette laut höfði. –Nei, mamma, ég skal muna það.

Vonandi var ræðan búin í þetta sinn. Það fór alltaf hrollur um hana og henni varð næstum óglatt.

Ræðan *var* búin. Móðir hennar hafði komið auga á smávaxna konu sem sat við hallarhliðið með grænmetiskörfu. Fína frúin skipaði eklinum að stansa, teygði sig út um gluggann og greip svipu sem fest var utan á vagninn. Með snöggri sveiflu flæmdi hún konuna frá hliðinu.

Svo hallaði hún sér ánægð aftur í sætinu. –Þegar frændi þinn, Jacob de la Garde fer með þig til heimalands síns í hálf tveim árum, vil ég að þú munir orð mín. Jakob er ríkismarskálkur svo þú færð að umgangast fína fólkið. Annars hefði ég ekki þorað að senda þig til þessa heiðingjalds. Hann sér um að ekkert óviðeigandi hendi þig. Ég tel mig hafa alið þig upp til að forðast allar hættur.

–Já, mamma, fullvissaði Anette hana um. –Ég hef heyrt það



mikið um karlmenn að enginn fær að koma nálægt mér.

–Það er gott að heyra. Móðirin kinkaði kolli. –Ég vil koma þér í burt um sinn, því ævintýramenn hafa komist að því að erfingi hinnar fallegu Loupiac-hallar er að komast á giftingaraldur. Við kærum okkur ekki um ævintýramenn, er það?

–Nei, mamma.

En enginn ræður gangi lífsins og Anette hafði ekki verið að heiman nema tvo mánuði þegar hún fékk þær fréttir að móðir hennar væri dáin. Stúlkan varð því til frambúðar hjá nánasta ættingja sínum í heiðingjalandinu. Hún var enn of ung til að bjarga sér á eigin spýtur.

En viljasterk móðirin hafði sáð í frjóa jörð. Anette hafði svo sannarlega lært hvernig sönn dama hegðar sér.

Í LINDIGARÐI liðu árin hraðar en nokkru sinni hjá Ara Lind af Ísfólkinu. Honum fannst hann enn eiga svo margt ógert.

Mikael, sonur Þorra, var aftur horfinn inn í þokuna sem hann steig sem snöggvast út úr þegar Þráinn hitti hann á bakka Saxelfar.

Ari leitaði að barnabarni sínu með þeim ráðum sem hann hafði og þau voru ekki mörg því stríðástandið milli Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar var mikil hindrun.

Samt tókst honum dag einn árið 1658 að fá fregnir af óðalseiganda skammt frá Kristjaníu sem átti systur gifta sænskum manni. Sagt var að hún byggi í Stokkhólmi.

Ari fór strax til hans. Ættfaðir Ísfólksins var nú 72 ára, virðulegur, hvítskeggjaður, beinn í baki og óbugandi.

Óðalsherrann tók vel á móti honum en gat fátt gert. Hann hafði ekkert heyrt frá systur sinni lengi... póstur var hættur að berast vegna fjandskapar landanna.

–Láttu mig heyra hvað þú vilt vita, sagði hann.

–Systir mín sagði mér sitthvað um líf sitt í Stokkhólmi. Ég fór

líka oft þangað á árum áður.

Án mikilla væntinga lagði Ari fram þær upplýsingar sem hann hafði um Mikael. Hann hafði geymt bréf Þráins eins og fjársjóð og las nú upp úr því allt sem skipt gæti máli.

–Fyrsta atriðið segir ekki mikið, bætti Ari við. –Að drengurinn hafi farið frá Bremen til Ingermanlands 1654. Næsta atriði segir meira. Hann fór með stjúpsystur sinni, Mörsju Kristjönu til Svíþjóðar þegar hún giftist syni óþekkta bústjórans. Við vitum að hann var mágur Johans Banérs en við vitum ekki hvort Mikael bjó hjá þeim eftir að systirin gifti sig.

Óðalsherrann leit upp. –Marsja Kristjana! Það er óvenjulegt nafn og ég hef heyrt það. Ég man bara ekki í hvaða sambandi. Hún hlýtur að vera háttsett kona.

Ari kinkaði kolli. –Það held ég. Í þriðja atriði stendur: *Maðurinn hennar er mjög háttsettur, bæði sem herforingi og embættismaður.* Og svo er það fjórða atriðið: *Skírnarnafn hans er Gabríel.* Síðan segir Þráinn að í ættinni heiti allir elstu synir Gabríel vegna langalangömmunnar sem hafði misst tólf nýfædd börn. Hana dreymdi engil sem sagði að hún skyldi láta næsta dreng heita Gabríel. Hann myndi lifa.

Þá ljómaði óðalsherrann. –Sú saga er alkunn. Systir mín sagði mér hana. Hún er úr Oxenstjerna-ættinni. Látum okkur sjá... ekki af ættlegg Axels Oxenstjerna... nei, það er greifaleggurinn Oxenstjerna af Korsholm og Vasa. Það eru nefnilega margir ættleggir af Oxenstjerna.

Loks hafði Ari eygt glætu í myrkrinu og hafði nú slóð til að rekja.

Bara að þessu eilífa stríði lyki áður en allt yrði um seinan. Óróinn nagaði hann. Hann þurfti að segja sonarsyni sínum svo margt og nú voru honum flestar bjargir bannaðar.

MIKAEL LIND AF ÍSFÓLKINU leið alveg bærilega.

Eftir ruglingslegar fjölskylduaðstæður í bernsku og æsku var nú allt komið á fastan grunn. Marsja Kristjana hafði alltaf verið kletturinn í lífi hans.

Til að átta sig á aðstæðunum þurfti eiginlega að gera yfirlit.

1. Foreldrar hans létust sama ár og hann fæddist.
2. Júlíana, frænka móður hans annaðist hann og hann ólst upp með dóttur hennar, Mörsju Kristjönu.
3. Júlíana missti manninn. Seinni maður hennar var Johan Banér.
4. Júlíana lést. Johan Banér átti þrjú börn af fyrra hjónabandi sínu og hann giftist nú þýskri aðalskonu.
5. Johan Banér lést, en á banasænginni lét hann Önnu Banér, systur sinni eftir börnin, þar á meðal Mikael. Anna var gift sænska ríkisaðmírálnum Gabríel Oxenstjerna af Korsholm og Vasa.

6. Árið 1624 giftist Marsja Kristjana syninum á heimilinu, Gabríel greifa af Korsholm og Vasa, friherra af Mörby og Lindhólma, eiganda Rosenbergs, Eiðsbergs og Korpórí. Hann náði skjóttum frama. Árið 1644, aðeins 25 ára, varð hann sýsluskrifari í Lappvesi í Finnlandi og árið eftir ofursti í her Upplanda og sama ár hirðmarskálkur. Þannig hélt hann áfram upp metorðastigann.

Hann annaðist Mikael vel og vildi gera hann að herforingja, án þess að vita að slík störf hentuðu Ísfólkinu illa. Það var einungis Þrándur sem hafði viljað öðlast frama við að drepa sem flesta óvini... en hann hafði verið álagabarn þótt það hefði dulist lengi. Marsja Kristjana skildi hann og reyndi að letja mann sinn þegar hann gerði sér miklar vonir um herforingjaframa fóstursonarins.

Mikael var vel greindur og hæglátur, alvarlegur í fasi og átti sér drauma sem enginn vissi um, né heldur þann óróa sem angraði hann og útilokaði frá félagsskap annarra. Mörsju

Kristjönu var ekki ljóst hvaða mark rótið í bernsku hafði sett á hann. Sjálf var hún lífleg og opinská og hafði ekki skaðast af stöðugum flutningum og skiptum á fósturforeldrum.

Þar sem maður hennar var hirðmarskálkur, þjuggu þau í íbúð í konungshöllinni í Stokkhólmi og Mikael vandist því að ganga þar um tóma sali. Honum var það alveg óhætt því Kristín drottning var sjaldan heima, hún lá í ferðalögum.

En þegar drottningin var í höllinni, var þar líka frændi hennar, Karl Gústaf hertogi af Pfalz, útvalinn krónprins hennar, nokkuð sem ekki vakti almenna hrifningu. Fólk vildi ekki Pfalz-greifa í sænska hásetið.

Líf Mikaela var ósköp rólegt þar til hann var á 17. ári. Þá fór sitthvað að gerast sem átti eftir að breyta lífi hans.

Með herforingjunum Pontusi og Jacob de la Garde hafði komið heilmikið af frönskum ættingjum til landsins, sumir voru bara í heimsókn, aðrir dvöldu lengur. Yngismærin Anette de Saint-Colombe, stóð ein uppi við hirðina þegar Jacob de la Garde lést árið 1652. Báðir foreldrar hennar voru dánir og nýr forráðamaður hennar, fjarskyldur ættingi í Suður-Frakklandi, vildi fá hana heim aftur. Áætlanir hans voru þær að giftast henni og eignast þar með Loupiac-höllina og mikil auðæfi... og eignast kannski erfingja. En Anette vildi ekki heyra það nefnt. Hún grét fögru táraflóði í fangi Mörsju Kristjönu. Þær voru mikið saman, enda báðar útlendingar við hina ströngu, sænsku hirð.

–Hvað eigum við að gera, Gabríel? spurði Marsja Kristjana mann sinn. –Þessi forráðamaður hennar er sagður viðbjóðslegur, gamall drykkjurútur og afmyndaður af kynsjúkdómum. Við getum ekki sent Anette litlu á vit slíkra örlaga.

–Við neyðumst víst til þess, sagði Oxenstjerna greifi þurrlega. – Forráðamaður hefur allan rétt sín megin. Hann ræður algerlega

yfir stúlkunni... nema hún sé gift. Þá missir hann réttinn.

–Þá giftum við hana bara, sagði hin líflega Marsja Kristjana. – Við þurfum ekki að segjast hafa fengið bréfið hans um að hún eigi að koma heim til Frakklands.

Gabriel Oxenstjerna hristi höfuðið yfir hvatvísi konu sinnar. – Hverjum hefurðu hugsað þér að gifta hana?

–Það veit ég ekki.

Hún þagði og renndi huganum yfir alla unga menn við hirðina. Hún gekk áköf um gólf í litlu stofunni og naut þess að fá kannski tækifæri til að leika verndarengil.

En greifinn, sem nú var orðinn veiðistjóri konungs, hugaði líka sitt. –Af hverju ekki Mikael? Stúlkann er mesti kvenkostur... og lagleg líka, á sinn hátt.

–Nei, hann er allt of ungur, mótmælti Marsja Kristjana. –Hann verður 17 ára í næstu viku. Það gengur ekki.

–Af hverju ekki? Mikael er samviskusamur og traustur ungur maður og þú veist að hann er í eins konar millistöðu, hvorki aðalsmaður né óbreyttur. Hann getur fengið litla veiðihúsið á Mörby, það er hvort sem er oftast tóm. Ég gef ekkert eftir með að hann eigi að komast til frama í hernum. Ég get komið honum inn hvar sem er, hann er svo hávaxinn og glæsilegur...

*Litla veiðihúsið* var veglegur bústaður með öllum þægindum og innréttað af mikilli listfengi.

Marsja Kristjana hafði ekki hlustað. Hún var að íhuga tillögu manns síns. Anette de Saint-Colombe var eflaust prýðilegur kvenkostur. Að vísu var hún rammkaþólsk og fremur pempíuleg en slíkt hlaut að vera hægt að laga. Mikael gat ekki vænst þess að giftast sænskri aðalskonu og kaupmannsdætur voru yfirleitt leiðinlega upp aldar. Frönsk ungfrú í nauðum stödd var hins vegar annar handleggur...

–En er hún ekki miklu eldri en Mikael? spurði hún?

–Það getur ekki munað miklu. Kannski einu ári.

Marsja Kristjana var farin að gefa eftir.

–Forráðamaðurinn verður ævareiður, sagði hún. –Við getum ekki lagt það á drenginn.

–Það er einmitt þar sem herframi hans kemur til sögunnar, skilurðu það ekki? Þau gifta sig með hraði og svo sendum við hann á sænsku setuliðssvæðin. Þar er alltaf þörf fyrir sterka, unga hermenn og ekki síður yfirmenn. Ég sé um að hann vinni sig upp.

–Þarf hún ekki leyfi forráðamanns síns til að gifta sig?

–Elsku Marsja mín, ég er að reyna að segja þér þetta. Hann þarf í heiðursstríð og þá er ekki tími til að spyrja um leyfi. Neyðin virðir engin lög.

–Það er hrossakaupalykt af þessu, Gabríel, en ég held samt að þetta sé eina lausnin fyrir stúlkuna. Við ættum samt að spyrja Mikael fyrst.

–Auðvitað. Stúlkuna líka.

MIKAEL VAR Á GANGI um hallarsalina. Hann var hirðsveinn Kristínar drottningar þegar hún var heima, annars stundaði hann nám við Uppsalaháskóla. En skólinn var lokaður á sumrin og ekkert að gera. Tíminn var lengi að líða. Innst inni kraumaði framkvæmdagleði æskunnar, fá að nota líkamann og heilann, þótt eiginlega væri hann draumóramaður.

Hann nam staðar við glugga og horfði út yfir Strauminn, þar sem litlir fiskibáatar með stór net sigldu um. Andlitið endurspeglaði hryggðina í sálinni, hann vissi ekki hvaða tregi hafði gripið hann. Mikael Lind af Ísfólkinu var einmana, villtur í veröldinni. Þessar hugsanir ásóttu hann ekki oft, honum leið mjög vel hjá Mörsju Kristjönu og manni hennar. En þegar hann var svona einn stungu þessar þungu hugsanir upp kollinum.

Hvar á ég eiginlega heima í tilverunni? hugsaði hann. Marsja Kristjana er eini ættingi minn, frænka mömmu. Hún er af

háaðlinum en ég ekki. Mamma var af aðalsættum en dó þegar ég fæddist. Pabbi var ekki aðalsmaður. Mér er sagt að hann hafi verið óvenjugáfaður. Hefði ég fengið brot af gáfum hans væri ég þakklátur.

Nú var Mikael of hógvær. Heilinn í honum var í mjög góðu lagi þótt talsvert vantaði upp að hann næði gáfum Þorra.

Lind af Ísfólkinu...? Furðulegt nafn. Líklega var hann sá eini í heiminum sem bæri það og það gerði hann eirðarlausan. Samt sem áður líkaði honum nafnið vel og hann var stoltur af því. Hann rámaði í hávaxinn, virðulegan mann sem hafði heimsótt hann endur fyrir löngu, afa hans, Ara af Ísfólkinu. Kannski var það ekki minning, kannski bara eitthvað sem Marsja Kristjana hafði sagt honum, hann vissi það ekki. Þessi maður, afi hans, hafði sagt að hann mætti vera stoltur af nafninu og sagt honum ýmislegt um Ísfólkið en Mikael mundi ekkert af því. Samt hlaut það að hafa kveikt í honum einhvern eld því aftur og aftur kviknaði þessi óljósa minning og hann reyndi af alefli að muna hvað afi hans hafði sagt.

Afinn hlaut að vera dáiinn núna og Mikael því einstæðingur.

Það var þungbært... endalaust tómarúm.

Nú gekk stjúpi hans, Gabríel Oxenstjerna inn ganginn, hröðum skrefum.

–Þarna ertu þá, Mikael. Ég þarf að tala við þig.

Mikael kinkaði kolli. –Já, eigum við að fara inn í...

–Nei, það er í lagi hér. Þú þekkir Anette de Saint-Colombe, ekki satt?

Mikael sá fyrir sér fölleitt, lítið andlit undir sléttgreiddu, svörtu hári, þung, kúpt augnalok og dökk augu og fékk á tilfinninguna ótal krossmörk og skelfileg leiðindi.

–Já?

Gabríel Oxenstjerna ákvað að höfða til riddaramennsku hans.

–Hún er lent í erfiðri aðstöðu. Foreldrar hennar eru dánir og

Jacob de la Garde sem annaðist hana hér í Svíþjóð er líka dáinn. Hún á lögráðamann í Frakklandi, gamlan saurlífisseggi sem hótar að giftast henni til að ná auðæfum hennar og eignast erfingja.

–Það hljómar ekki mjög skemmtilega.

–Nei.

Greifinn hikaði andartak. –Hvernig líst þér á Anette?

–Anette? Ja... Mikael yppti öxlum. –Ég hef ekkert hugsað um það. Hún er lítið áberandi og tepruleg. Eflaust besta stúlka.

Það var ekki sérlega uppörvandi, hugsaði greifinn. En hann kom sér að efninu.

–Mikael, þú veist að... það verður ekki einfalt að finna þér konu við hæfi. Gætirðu hugsað þér Anette?

Mikael lyfti bogadregnu brúnunum í forundran. –Gifta mig? Er það ekki fimm árum of snemmt?

–Gegn vilja forráðamanns hennar, hélt Gabríel Oxenstjerna áfram og horfði fast á hann.

Kímniglampa brá fyrir í augum Mikael. –Sem sagt áskorun? En auðvitað spyrðu ekki í alvöru, sagði hann brosandi.

–Jú, reyndar. Við Marsja Kristjana höfum rætt það. Konunni minni þykir mjög vænt um Anette, eins og þú veist. Stúlkan hefur líka marga góða kosti.

Mikael varð mikið um. Fyrst núna skildi hann alvöruna í orðum stjúpa síns.

–En ég er varla 17 ára. Hvað segir stúlkan?

–Við höfum ekki spurt hana enn.

Svo lagði hann fram áætlun sína um að Mikael þyrfti á vígvöllinn og þess vegna yrði brúðkaupið að fara fram með hraði. Það yrði sent bréf til forráðamannsins og formlega beðið um hönd Anette, en jafnframt bent á að frestun kæmi ekki til greina. Kæmi ekki svar í tíma giftu þau sig samt. Vandræði ríkisins krefðust þess að Mikael færi strax í stríðið.



En ég vil það ekki, hugsaði Mikael í örvæntingu. Ég vil ekki verða hermaður og enn síður herforingi. Ég vil... hvað vildi hann í rauninni? Hann vissi það ekki, það var vandinn. Það eitt vissi hann að hann vildi gera eitthvað úr lífi sínu en hafði ekki fundið sinn sess enn. Með miklum áhuga hafði hann farið í nám við Uppsalaháskóla, af því Þorri pabbi hans hafði verið náttúruvísindamaður, stærðfræðingur og læknir af Guðs náð. Mikael hafði langað til að heiðra nafn hans og taka upp þráðinn þar sem dauðinn hafði klippt á hann. En fram að þessu hafði drengurinn aðeins fengið að lesa guðfræði, þar sem háskólanám byggðist einkum á andlegu hliðinni. Allar greinar urðu að byggja á kristnum grunni. Þess vegna fannst Mikael hann fastur í sömu sporum.

Hann var eirðarlaus, heimilisláus og vissi varla hver hann var. Anette de Saint-Colombe?

Nei, hann vildi ekki gifta sig og gat ekki hugsað sér *hana* sem eiginkonu sína. Þessa litlu, guðhræddu, forpokuðu ungrú! Þetta var á allan hátt of snemmt. Allt var of snemmt.

Hann vissi samt að hjónabönd voru skipulögð af foreldrum og forráðamönnum, oft þótt hjónæfnin væru bara smábörn. Hann var í erfiðri stöðu, því varð ekki neitað. Anette de Saint-Colombe var stúlka sem hann hefði aldrei getað dreymt um.

Þetta sveið sárt. Hann hafði átt sína drauma um ást og innileika.

–Spyrjum hana fyrst, sagði hann hikandi.

–Greifinn andaði léttar. –Þú þverneitar þó ekki.

Angurvært bros leið yfir aðlaðandi andlit Mikael. –Þið vitið að ég hlýði ykkur í einu og öllu og þið hafið alltaf viljað mér það besta. Auk þess...

–Já?

–Það gæti verið gaman að svíkja gamla lostasegginn um konfektmolann.

–Skarplega hugsað, Mikael, sagði greifinn og tók yfir axlir hans. –Komum til Anette.

ANETTE LITLA DE SAINT-COLOMBE þurrkaði tárin í hasti og reisti sig upp úr bænastöðunni framan við madonnumyndina þegar hirðmarskálkurinn, elskuleg kona hans og fóstursonur þeirra komu til herbergja hennar. Í miklu uppnámi hlustaði hún á tillögu þeirra.

Mikael Lind af Ísfólkinu? Var mögulegt að hann, einn sá glæsilegasti við hirðina, vildi giftast henni? Frelsa hana frá martröðinni? Allir sem gengu í buxum voru raunar skrímsli í hennar augum en ef maður neyddist til að lúta ógeðslegum þörfum þeirra, var skárra að skrímslin væru ung og álitleg. Hjarta hennar barðist ákaft og hún þorði varla að líta á hann. Samt leituðu augu hennar aftur og aftur til hans og hún renndi þeim upp og niður eftir honum. Það fór hrollur um hana við það sem kynni að leynast undir fötunum... Hún skammaðist sín og leit af honum á Mörsju Kristjönu.

–Hvernig er það... spurði greifinn. –Hefur lögráðamaður þinn beðið formlega um hönd þína?

–Já. Það er að segja... hann tilkynnti bara að hann kæmi eftir nokkrar vikur og færi með mig heim sem brúði sína. Hér er bréfið.

–Þetta bréf hefurðu aldrei fengið, sagði Marsja Kristjana ákveðin. –Við vitum ekkert um áætlanir hans. Nú skrifum við Gabríel honum kurteislegt bréf þar sem við skýrum honum frá orðnum hlut. Þið giftist innan viku og Mikael fer strax á vígvöllinn. Þegar forráðamaður þinn kemur getur hann ekkert að gert. Ef hann kemur þá. Hann nær hugsanlega að fá bréf okkar áður en hann leggur af stað.

–Getur hann ekki lýst hjónabandið ógilt? spurði Anette skjálfrödduð. –Af því ég fékk ekki samþykki hans?

Gabríel Oxenstjerna beit á vörina.

–Ég held að við getum leyst þann vanda, sagði Marsja Kristjana. –Það er þó ekki fallega gert gagnvart látnum manni en ég veit að Jacob de la Garde, sem var lögráðamaður þinn meðan hann lifði, var mjög ánægður með Mikael. Við segjum að hann hafi veitt samþykki sitt fyrir löngu.

–Varlega, sagði Gabríel. –Ertu galin, slíkt gerir maður ekki. Geturðu ekki spurt ekkju hans?

–Nei, sagði Marsja Kristjana strax. –Hún er svo upptekin af hetjudáðum sonar síns að hún sér engan annan. Auk þess kom þeim Anette ekki ýkja vel saman.

Ekkja Jacobs de la Garde var Ebba Brahe, æskuást Gústafs II Adolfs, nú móðir fjögurra barna þeirra Jacobs. Eftirlætisbarnið var Magnús Gabríel de la Garde, hrokafullur aðalsmaður í miklu álitu hjá Kristínu drottningu. Hégómagirni hans og skapsveiflum var við brugðið og flestir við hirðina fyrirlitu hann. Þrátt fyrir að móðirin tilbæði hann sá hún að hann átti óvini og allar hugsanir hennar snerust um soninn.

Við það bættist að Ebba greifynja hafði með aldrinum gerst afar dramblát og góð með sig. Hún myndi varla sætta sig við Mikael sem í hennar augum var af lágum stigum.

–Við *getum* ekki logið upp á látinn mann, sagði Gabríel.

–Það er bara hálf lygi, svaraði kona hans í léttum tón.

–Nei, ég banna það, sagði Gabríel. –Marsja, siðferði þitt er stundum...

Þau tala eins og við séum ekki til, hugsaði Mikael. Ég vil þetta bara ekki! Hvað vill stúlkan? Hún horfði á mig eins og ætlaði að éta hana!

Hann áræddi að líta til hennar. Hún sat niðurlút og grátbólgin, með glansandi nef og blautan, kuðlaðan vasaklút milli handanna. Hún virtist stíf og blóðlítill, varirnar voru herptar og fasið nánast fjandsamlegt. Nei, hann hefði ekki valið sér þessa

stúlku.

Heil ævi með henni?

Hann gat ekki neitað núna. Mikael gat aldrei sært neinn. Stúlkunni myndi sárna og hann vildi hlýða fósturforeldrum sínum.

Anette hugsaði á svipuðum nótum: Hvað vill hann? Hann hefur ekkert sagt. Ekki virðist hann yfir sig ákafur. Ef hún þyrfti að velja yrði það auðvelt. Það fór hrollur um hana við tilhugsunina um franska forráðamanninn... ístruna sem hvíldi á lærum hans, allar undirhökurnar, og sköllótt höfuð undir hárkollu. Verst var þó fráhrindandi framkoma hans. Kringlótt augun runnu á eftir öllum ungum stúlkum, hann káfaði á kjólum, rumdi og ropaði við matborðið og hreykti sér stöðugt af ríkidæmi og góðum ættum.

Hún hélt raunar að hann væri ekki ríkur lengur, hafði heyrt að hann hefði sólundað ættarauðnum. Nú vildi hann krækja í eigur hennar...

Mikael...? Hún reyndi að hugsa skýrt og gleyma þeim skelfingum sem leyndust undir fötunum hans. Víst var hann ekki eins vel stæður og hún og ekki af aðalsættum. Móðir hans hafði að vísu verið greifynja af Breuberg en faðir hans óbreyttur.

Vissulega var það stórt skref niður á við fyrir Anette.

Hvað hefði elskuleg mamma hennar sagt? Hún sem áleit dauðasynd að vera ekki af aðalsættum.

Samt eygði hún vonarglætu. Mikael var ljúfmenni, það vissi hún. Hann var að vísu fjarrænn og áhugalaus um hana... hingað til. Hún hafði aldrei álitid hann hættulegan.

Svo stóð hann þarna og bað um hönd hennar.

Anette var gersamlega ringluð.

Hún sneri sér að Mörsju Kristjönu. Með rödd sem átti að vera yfirlætisleg en var bara hálfgerkt kjökur, spurði hún: –Hefur

herra Mikael réttu trúna?

–Já, sagði greifynjan strax, því *rétt trú* var mjög afstætt hugtak. Það var róandi svar.

Án þess að hugsa sig um svaraði hún strax á frönskuskotinni sænsku: –Ég vona að þið gerið þetta ekki af meðaumkun. Það yrði mér óbærilegt.

Hjónin voru eins og slegin út af laginu og litu hvetjandi til Mikaela í von um hjálp.

Hann hrökk við en áttaði sig fljótt. –Nei, auðvitað ekki. Þetta hefur lengi verið ósk mín.

*Hvernig get ég verið svona hraðlyginn?* Nú var hann endanlega genginn í gildruna.

Gabriel Oxenstjerna sagði hugsí: –En hvað um forráðamanninn? Við höfum ekki leyst þann vanda enn.

–Hann lýsir hjónabandið eflaust ógilt, sagði Marsja Kristjana og kinkaði kolti. –Nú verðum við öll að hugsa af alefli.

–Já, þið hafið blessun okkar. Anette, ef þú ert fús, leggðu þá hönd þína í hönd Mikaela. Mikael, þú tekur um hönd hennar.

Feimin eins og hrætt dádýr, rétti Anette fram fínlega hönd og lagði í lófa Mikaela, hrökk við þegar hún fann karlmannlega ylinn, en stillti sig.

–Með Guðs vilja, hvíslaði hún. Eftir örlítið hik þrýsti hann höndina. Sáttmálinn var innsiglaður.

Marsja Kristjana kyssti þau bæði á vangann.

–Blessuð verið þið, börnin góð! Nú... þarf að hugsa. Hugsuð af öllum kröftum. Við verðum að finna aðra lausn.

LAUSNIN KOM FYRR en neitt þeirra óraði fyrir.

Strax sama kvöld var Mikael á leið um auða hallargangana að sækja vínflösku fyrir Mörsju Kristjönu. Drottningin og frændi hennar, Karl Gústaf voru væntanleg heim daginn eftir. Hirðin, með Gabriel Oxenstjerna í broddi fylkingar var farin til að taka